

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 7. desember 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.15 og lauk kl. 18.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Sveinn Sigurbergsson, Ingvar Kristinsson, Hörður Þorsteinsson og Jóhann Óskar Borgþórsson. Forföll: Ragnar Hilmarsson og Þórunn Ansnes.

Dagskrá:

- 1. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2018**
Verður haldin fimmtudaginn 27. desember nk. kl. 18.00 í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Dagskráin verður hefðbundin og auglýst í bæjarblöðunum þegar nær dregur.
- 2. Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar í stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH 2018 til 2021**
Brynjar Þór Gestsson (B) fyrir hönd meirihluta í tvö ár, síðan tekur Tinna Hallbergsdóttir (D) við af honum í tvö ár. Fulltrúi minnihlutans er Sigríður Ólafsdóttir (S).
- 3. Lottógreiðslur frá október 2017 til október 2018**
Samþykktar.
- 4. Námskeið um lyfjaforvarnir í desember nk.**
Lagt fram til kynningar. Fyrri námskeiðið var fimmtudaginn 6. desember sl. á Ásvöllum og verður seinna námskeiðið miðvikudaginn 12. desember í Kaplakrika. Birgir Sverrisson framkvæmdastjóri Lyfjaeftirlits Íslands er með fræðsluna og fær íþróttafólkið Hrafnhildi Lúthersdóttur og Ásgeir Örn Hallgrímsson til liðs við sig.
- 5. Námskeið Verndari barna**
Lagt fram til kynningar. Var haldið 14. nóvember sl. Sigríður Björnsdóttir sálfræðingur og verkefnastjóri Blátt áfram hélt námskeiðið fyrir Hafnarfjarðarbæ og var það 3,5 klukkustund. Íþróttafélögin eru hvött til að kynna sér námskeiðið og fjölmenna á næsta námskeið sem er áætlað að halda í febrúar / mars 2019. Ákvæði er í þjónustusamningum íþróttafélaganna við Hafnarfjarðarbæ um að taka þátt í námskeiðunum.
- 6. Kynningarspjöld á ÍBH og bréf til íþróttakennara**
Stafsmenn ÍBH fóru með kynningarspjald með upplýsingum um öll aðildarfélögin og allar íþróttagreinar í grunnskóla Hafnarfjarðar og fengu að hengja þau upp á áberandi stað í skólunum ásamt því að dreifa bréfi til íþróttakennara grunnskólanna, þar sem vakin er athygli á heima- og facebooksíðum félaganna, frístundastyrk Hafnarfjarðar, íþróttakynningum á íþróttagreinum í íþróttakennslunni og aðstoð við nemendur af erlendu bergi brotnu.

7. Upplýsingar varðandi 73. ársþing KSÍ – 9. febrúar 2019

Ársþingið fer fram á Hilton Reykjavík Nordica. Skilafrestur á tillögum og málum fyrir þingið er 9. janúar nk. Aðildarfélög ÍBH eiga samtals rétt á 8 fulltrúa á ársþinginu.

8. Aðildarumsókn

Knattspyrnufélagið Ásvöllum óskar eftir inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. Félagið skilaði inn með umsókninni, lögum, fundargerð af stofnfundi, afgreiðslu rsk á kennitölu til félagsins og féлага- og iðkendatali. Stjórn ÍBH samþykkti inngöngu félagsins í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og ákvað að félagið skyldi greiða kr. 50.000 í inntökugjald. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að tilkynna félaginu um inngönguna og tilkynna félagið til ÍSÍ og KSÍ.

9. Val á ÍSÍ bikar

Umsóknir kynntar og skrifleg kosning. ÍSÍ bikarinn verður afhentur á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 27. desember nk.

10. Önnur mál

a). IK lagði fram þá tillögu að kynningar á umsóknum um ÍSÍ bikarinn og kosning um hann færu framvegis fram á Fulltrúaráðsfundum ÍBH í nóvember ár hvert. Fundarmenn sammála um að athuga það fyrir næsta ár.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.